

Reykjavík, 3. mars 1997.


Allsherjarnefnd Alþingis
Sólveig Pétursdóttir, formaður
Þórshamri.

Sambandi ísl. sparisjóða hefur borist erindi allsherjarnefndar með beiðni um umsögn um frumvarp til laga um samningsveð, 234. mál.

Samband ísl. sparisjóða telur brýnt að frumvarp þetta verði afgreitt sem lög á yfirstandandi þingi. Eins og áður hefur komið fram í umsögn Sambandsins telur það málið mikilvægt framfaraskref og löngu tímabært að það verði lögfest.

Samband ísl. sparisjóða fagnar sérstaklega nýju ákvæði frumvarpsins í 4. mgr. 3. gr. sbr. 4. mgr. 29. gr. Með lögfestingu þess er öryggi sparisjóðanna sem og annarra lánastofnana aukið mjög frá því sem nú er. Réttaróvissa hefur torvelað viðskipti við sjávarútvegsfyrirtæki en hið nýja ákvæði bætir þar verulega úr. Því mælir sambandið eindregið með því að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. SAMBANDS ÍSL. SPARISJÓÐA


Sigurður Hafstein
framkvstj.